

Kynningarfundur um skipulagsgátt

31.03.2022



Skipulagsstofnun



Skipulagsgátt

Landfræðileg gagna- og samráðsgátt um skipulag, umhverfismat og framkvæmdaleyfi



Kynningarfundur, 31.03.2022

Ólafur Árnason, forstöðumaður nýsköpunar og þróunar

- Stutta svarið: VÍÐA
- Mál í vinnslu aðgengileg í gegnum fundargerðir eða vefsíður sveitarfélaga
- Mál í kynningu:
 - Skipulagsmál á vefsíðum sveitarfélaga, skipulag.is, landsskipulag.is, hafskipulag.is o.s.frv.
 - Fréttatilkynningar og auglýsingar í blöðum og netmiðlum, samfélagsmiðlar o.s.frv.
 - Umhverfismat: á vefsíðu Skipulagsstofnunar og viðkomandi framkvæmdaraðila eða ráðgjafa
 - Útprintaðar útgáfur á skrifstofum sveitarfélaga og hjá Skipulagsstofnun
 - Framkvæmdaleyfi: Borið í hús, aðgengilegt á vefsíðum sveitarfélaga
- Afgreiðslur: Fundargerðir
- Endanleg gögn: Skipulagsvefsjá, vefsíður sveitarfélaga, gagnagrunnur umhverfismats, o.s.frv.

- Í skipulagslögum segir (46. gr. 4. mgr.): „*Skipulagsstofnun skal starfrækja landfræðilega gagna- og samráðsgátt um gerð landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlana, þ.m.t. skipulag haf- og strandsvæða, umhverfismat og framkvæmdaleyfi. Nota skal gáttina við skipulagsgerð og útgáfu framkvæmdaleyfa og skulu allar umsagnir berast í gáttina. Aðgangur að gáttinni skal vera öllum opin og án endurgjalds.*“
- Í lögum um umhverfismat segir (7. gr.): „*Skipulagsstofnun starfrækir landfræðilega gagna- og samráðsgátt um skipulag, umhverfismat og leyfisveitingar. Þar skal birta gögn, ákvarðanir og umsagnir vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana og leyfa til framkvæmdar. Allar umsagnir samkvæmt lögum þessum skulu berast í gáttina. Aðgangur að gáttinni er öllum opin og án endurgjalds.*“
- Í báðum lögum er gert ráð fyrir að viðkomandi lagagreinar komi til framkvæmda þann 1. desember 2022.


- Markmið stjórnvalda um **stafræna stjórnsýslu og skilvirkni í ákvarðanatöku**, meðal annars um stórar innviðaframkvæmdir.
- Vinnur að markmiðum um **samráð við og kynningu fyrir almenningi við undirbúning ákvarðana** - sem meðal annars koma fram í skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og ríma vel við skuldbindingar Íslands samkvæmt Árósasamningnum.
- **Stytta boðleiðir, auka yfirsýn og gagnsæi** og koma í veg fyrir **tvíverknað** við skipulagsgerð, umhverfismat og undirbúning framkvæmda.
- Getur **sparað** umtalsverða fjármuni til lengri tíma litið með vinnuhagræði fyrir þá sem að málum koma hverju sinni.

- Dæmi um gögn sem gera þarf aðgengileg á einum stað jafnóðum og þau líta dagsins ljós eru:
 1. Skipulagslýsingar, vinnslutillögur að skipulagi, skipulagstillögur og síðan endanlegt skipulag. Þetta á við svæðis-, aðal- og deiliskipulag sem unnið er af sveitarfélögum á grundvelli skipulagslaga, landsskipulagsstefnu og skipulag um haf- og strandsvæði og breytingar á framangreindum áætlunum.
 2. Ákvarðanir um matsskyldu, matsáætlanir og álit um matsáætlanir, umhverfismatsskýrslur og álit um mat umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
 3. Allar umsagnir og athugasemdir sem berast við kynningu ofangreindra gagna.
 4. Viðbrögð við athugasemdum og svörum sem berast við ofangreind gögn.
 5. Framkvæmdaáform framkvæmdaraðila og leyfisumsóknir.
 6. Leyfi til framkvæmda.

- Erum á fyrstu stigum undirbúnings – núna stendur yfir vinna við forhönnun sem leiðir svo af sér nánari mótun á innihaldi, virkni, útliti, ferlum o.s.frv.
- Getum litið til sambærilegra dæma innanlands, s.s. samráðgsgáttar stjórnvalda og erlendra fyrirmýnda:
 - Noregur
 - Skotland
 - Írland
 - Danmörk
 - Finnland
 - Svíþjóð
- Mikil áhersla á samráð við hagsmunaaðila og notendahópa varðandi virkni og útlit
- Það hefur þó verið skýr sýn frá upphafi varðandi ákveðnar megináherslur varðandi eiginleika og virkni:
 - Landfræðileg vídd – staðsetning mála
 - Einföld myndræn framsetning á stöðu hvers máls
 - Aðgengilegt og einfalt notendaviðmót
 - Samþætting ferla

- Um er að ræða staðbundnar ákvarðanir
- Lykilatriði að gáttin nýti möguleika landfræðilegra upplýsingakerfa, þannig að gagna- og samráðsgátt sé tengd landfræðilegri vefsíju
- Hægt sé að vakta mál eftir staðsetningu og/eða efnisflokkum





- Öll mál eiga það sameiginlegt að gögn birtast eftir ákveðnu ferli
- Hvert mál er til nokkrum sinnum í samræmi lögbundin skref
- Mikilvægur eiginleiki að gefa yfirlit um stöðu hvers máls og næstu skref

Má í þessu tilliti líta til framsetningar Alþingisvefsins, þar sem sjá má á hvaða stigi þingmál er statt og á skýran myndrænan hátt gefið yfirlit um stöðu máls frá því að þingmál er lagt fram og þar til það hlýtur endanlega afgreiðslu Alþingis


Staða málsins

- Frumvarp
- 1. umræða
- Nefndarálit
- Breytingatillögur
- 2. umræða
- Frumvarp eftir 2. umr.
- 3. umræða
- Lög

- Gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun veiti sveitarfélögum, svæðisskipulagsnefndum, og almenningi endurgjaldslausan aðgang að samráðs- og upplýsingagáttinni
- Mismunandi aðgangsheimildir
- Margir notendur með mismikla grunnþekkingu og þjálfun
- Gerum ekki ráð fyrir tengingu í gagnagrunnaað svo stöddu heldur verði gáttin sjálfstæð
- Hægt sé að draga þaðan gögn á auðveldan hátt inn í málakerfi eða til annarrar nýtingar




- Mikilvægur eiginleiki að gefa kost á að samþætta tengd ferli, þar sem við á
- Gáttin stuðli að yfirsýn og einföldun á aðgengi að gögnum þegar um slík tilvik er að ræða, þannig að til dæmis sé hægt að veita eina umsögn um öll málin í einu
- Dæmi: Aðalskipulag, deiliskipulag og umhverfismat getur verið í gangi á sama tíma fyrir eina tiltekna framkvæmd.



Skipulagsgátt: Dæmi um aðra þættir til útfærslu (og alls ekki tæmandi)

- Erum búin að kortleggja lögbundna ferla en þurfum að móta frekar hvað fer í skipulagsgátt, hvenær, hvað eigi að birtast o.s.frv.
- Þurfum að taka afstöðu til þeirra ferla sem fara inn umfram það sem strangt til tekið er í lögunum. Dæmi:
 - Hverfisskipulag, augljóst dæmi um eitthvað sem á að vera inni
 - Rammaskipulag (þ.e. annað en rammahluti ASK)?
 - Leyfisveitingar í samræmi við lög um skipulag haf og strandsvæða
- Aðrir möguleikar sem krefðust lagabreytingar en er horft til við hönnun:
 - Önnur leyfi en framkvæmdaleyfi, enn sem komið er utan okkar „mandats“ en þarf að kortleggja og gera ráð fyrir að hægt sé að bæta því við
 - Birting í skipulagsgátt komi í stað Lögbirtingarblaðs

ASK



Stýrihópur verkefnis:

- Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, Skipulagsstofnun.
- Guðjón Bragason, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Gunnar Ingi Reykjalin, Stafrænt Ísland.
- Hrafnkell Hjörleifsson, Innviðaráðuneytið.
- Magnús Dige Baldursson, Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið.
- Ólafur Árnason, Skipulagsstofnun - verkefnisstjóri



Áfangi	2022												
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	
Áfangi 0: Undirbúningur: Megináætlun, samningar og innkaup þjónustu. Kortlagning ferla.	■	■											
→ Áfangi 1 - Hönnunarsprettir og forhönnun		■	■	■									
Áfangi 2 - Gagnagrunnur og vefþjónustur					■	■	■	■	■	■			
Áfangi 3 - Hönnunarvinna áframhald með forritunarteymi					■	■	■	■	■	■			
Áfangi 4 - Stjórnborð - uppsetning og vefun					■	■	■	■	■	■			
Áfangi 5 - Framendi skipulagsgáttar - uppsetning og vefun								■	■	■	■		
Áfangi 6 - Áskriftir og vöktun								■	■	■	■		
Áfangi 7 - Prófanir											■	■	
Áfangi 8 - Kynning											■	■	■
Samráð við hagsmunaaðila	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■

- Hugmyndavinnustofur með meginnotendum og hagsmunaaðilum
- Hönnunarsprettir um útlitsstefnu, virkni og flæði
- Yfirferð og forgangsröðun notendaparfa og nánari kortlagning ferla
- Forhönnun á landfræðilegri lausn gáttar (proof of concept)
- Notendaprófanir á forhönnunarstigi



- hugmyndavinnustofur með meginhagsmunaaðilum og notendahópum

■ Skipulagsstofnun

- Þátttaka frá öllum fagsviðum

■ Sveitarfélög

- Akureyrarbær
- Hornafjarðarbær
- Kópavogur
- Uppsveitir Árnessýslu
- Norðurþing
- Reykjavík
- Samband ísl. sveitarfélaga

■ Framkvæmdaraðilar, fagfólk og hagsmunasamtök

- Landsvirkjun
- Samorka
- Vegagerðin
- VSÓ
- Alta
- Landsnet
- Samtök Iðnaðarins

■ Umsagnaraðilar og almenningur


- Reykjavík
- Landvernd
- Náttúrufræðistofnun
- Minjastofnun
- Hafró

Ýmis atriði er varða vandamál, lausnir, þarfir sem fram komu á hugmyndavinnustofum sem gefur veganesti inn í næstu skref hönnunar

- Auðveld og einföld í notkun
- Aðgengileg og á mannamáli
- Tungumál
- Skapi ekki tvíverknað í vinnu þeirra sem eiga að nota gáttina
- Auðvelt sé að taka saman gögn til meðhöndlunar og vistunar í málaskrár annarra aðila, t.d. sveitarfélaga
- Haldi utan um umsagnir og athugasemdir, bæði gögn og tímaramma
- Þjóði upp á áskrift, vöktun og áminningar fyrir notendur (bæði landfræðilega og eftir málaflokkum)
- Sé auðveldlega deilanleg eða tengd við aðrar síður og miðla hvers verkefnis

- Geri stöðu mála aðgengilega fyrir alla á aðgengilegan myndrænan hátt
- Skapi samræmi í framsetningu sambærilegra verkefna

Mótun útlitsstefnu: Dæmi frá vinnustofu



Skipulagsgátt




NATURUVENND

Samráð við almenning um skipulagsmál

MÁL NÚ. 50/2022 BIRT. 02.03.2022

Mál Skipulagsstofnunar eru lagðar til breytingar á nokkrum ákveðnum lögum um meðferð sakamála 58/2008 og um breytingar á lögum um loftslagsmál, nr. 15/2016. Á mætingunni má skipta breytingartilögum framfarissins í þrenni, en það er ákveðið að í hverju tilfalli er ekki um tæmandi talsningu að ræða.

Senda til umsagnar



Skipulagsgátt




NATURUVENND

Samráð við almenning um skipulagsmál

MÁL NÚ. 50/2022 BIRT. 02.03.2022

Mál Skipulagsstofnunar eru lagðar til breytingar á nokkrum ákveðnum lögum um meðferð sakamála 58/2008 og um breytingar á lögum um loftslagsmál, nr. 15/2016. Á mætingunni má skipta breytingartilögum framfarissins í þrenni, en það er ákveðið að í hverju tilfalli er ekki um tæmandi talsningu að ræða.

Senda til umsagnar



Skipulagsgátt


NATURUVENND

Samráð við almenning um skipulagsmál

MÁL NÚ. 50/2022 BIRT. 02.03.2022

Mál Skipulagsstofnunar eru lagðar til breytingar á nokkrum ákveðnum lögum um meðferð sakamála 58/2008 og um breytingar á lögum um loftslagsmál, nr. 15/2016. Á mætingunni má skipta breytingartilögum framfarissins í þrenni, en það er ákveðið að í hverju tilfalli er ekki um tæmandi talsningu að ræða.

Senda til umsagnar



- Ljúka forhönnun Q2 2022
 - Útlitsstefna
 - Virkni og stjórnborð
 - Notendaprófanir
- Áframhaldandi samráð við hagsmunaaðila og notendahópa
- Hönnun, prófanir, kynning og þjálfun Q2-Q4 2022
 - Skipulagsgátt á að vera komin í loftið 1. desember 2022